

Helgi Þorgils Friðjónsson: „Maður býr til sinn myndheim í bókstaflegri merkingu."

„Stíllinn er hið djúpa ego þar sem enginn er eins"

– spjallað við Helga Þorgils Friðjónsson sem hlaut menningarverðlaun DV fyrir framlag sitt til íslenskrar myndlistar á árinu

Helgi Þorgils Friðjónsson er fæddur 7. 3. 1953. Hann var við nám í Myndlista- og handíðaskólanum á árunum 1971 til 1976. Hann stundaði síðan nám í Hollandi, fyrst í Frí akademíunni veturinn 1976 til 1977. Og síðan við Jan van Eyck akademíuna frá 1977 til 1979.

Helgi er einn athyglisverðasti brautryðjandi „nýja málverksins" hér á landi. Hann hefur verið sérstaklega afkastamikill listamaður. Haldið fjölda einkasýninga, fyrst í Gallerí Out-put árið 1975, og tekið þátt í fjölmörgum samsýningum bæði hér heima og erlendis. Helgi hlaut menningarverðlaun DV í ár fyrir myndlistarsköpun sína.

Klassískir listamenn gáfu tóninn

Getur þú lýst fyrir okkur í stuttu máli leið þinni að „nýja málverkinu"?

„Þetta hófst þegar ég var í skóla. Þá hafði ég sérstakan áhuga á listamönnum sem lögðu áherslu á línuna, þessa grafísku teikningu. Það voru þessir stóru meistarar eins og Picassó sem gáfu tóninn. Síðar fór ég til Hollands en þar kynntist ég verkum eftir listamenn eins og Polke, Pink og Kiefer. Þetta eru miklir teiknarar sem kunna í verkum sínum að miðla oft sérkennilegu andrúmslofti sem má reyndar líka finna í ákveðnum stílbrögðum Picassos. Ég hreifst mikið af þessum listamönnum sem og fleiri Svisslendingum og Þjóðverjum. Það er oft eitthvað magnað andrúmsloft í verkum þessara listamanna sem erfitt er að koma orðum að.

Það kemur annars oft upp sá misskilningur að þessir svissnesku teiknarar og núverandi ný-málarar séu hin fullkomna andstæða conceptlistarinnar. Þetta er mikill misskilningur og algerlega röng ályktun því listhugmyndir þessara listamanna eru nefnilega náskyldar vissum concepthugmyndum, þ.e.a.s. huglægu conceptlistinni þar sem reynt er að miðla ákveðnu ástandi. Þetta er skiljanlegt þegar haft er í huga að conceptlistin hefur verið ríkjandi og haft töluverð áhrif. Það er nú einu sinni svo að við erum ekki lengur á sjötta áratugnum. Sagan hefur breyst og það er einmitt conceptlistin sem hefur valdið hvað mestum breytingum í listinni á síðastliðnum árum. Í dag erum við jú að mála en listin eða málverkið ber greinilega merki conceptlistarinnar hvort sem listamenn hafa reynt að forðast hana ekki."

Að skapa sinn heim

Hvert sækir þú efnið í þinn myndheim?

„Þú segir myndheim og það má undirstrika það því ég tel hann vera hina raunverulegu forsendu fyrir öllu myndverki. Maður býr til sinn heim í bókstaflegri merkingu sem er álíka sannur og hver annar. Hver listamaður skapar þannig sinn heim sem lifir í verkunum. Þetta er sérstaklega algengt meðal listamanna sem vinna kerfisbundið, sjáðu til dæmis nokkra af þessum abstraktmálurum sem eru með sín lokuðu heimspekikerfi og reyna aðeins að nýta möguleika þeirra.

Efnið sem þú talar um í mínum verkum sæki ég fyrst og fremst í sögur, munnmælasögur, Íslendingasögurnar og þjóðsögur. En auk þess tekur maður mikið beint úr umhverfinu eins og t.d. krot sem við sjáum á almennum veggjum eða í strætisvagnaskýlum en þar má oft finna ákveðin frumtengsl mannsins við umhverfið. Eða þá að maður verður vitni að einhverjum atburði og síðan kemur samverkandi mynd nokkru seinna. Þá kemur fyrir að ég mála mynd og rekst síðan á einhvern hlut eða mynd sem ég set inn í heildina ef mér finnst það eiga við. Þannig hlaðast upp hjá manni ákveðnar upplýsingar, umhverfislegar, félagslegar eða einstaklingsbundnar, sem maður síðan reynir að setja upp í rökrétt samhengi á myndflötinn."

Óviljandi háð

„Nú er oft mikið háð í myndum þínum".

„Jú, það er talað um ákveðið háð í verkum mínum, en það er ekki vísvitandi og alls ekki gert til að níðra neinn. En þar sem ég set oft saman ótrúlega hluti á trúlegan hátt, eins t.d. hestur með kampavínsflösku, getur það eflaust virst spaugilegt."

„En af hverju þessir nöktu menn í myndum þínum?"

„Það er einfaldlega vegna þess að mér finnst naktir menn eðlilegastir. Og ef ég setti þá í föt yrði myndin (eða myndirnar) allt önnur."

Tilgerðarlegur draumur

„Getum við talað um súrrealísk áhrif í verkum þínum?"

„Það eru margir sem vilja sjá í verkum mínum ákveðin tengsl við súrrealismann. En ég kannast persónulega ekki við það. Mér finnst súrrealistanir mjög fjarlægir nema kannski menn eins og Míró. Mér finnst listamennirnir Ernst og Dalí vera hreint út sagt leiðinlegir og þessi draumur þeirra vera hálftilgerðarlegur. Hins vegar getum við sagt að draumurinn í verkum mínum sé fullkomlega raunsær! Nei, það er allt annað andrúmsloft í þessum súrrealistamyndum. Ástandið, sem er oftast nær frásögn, í mínum myndum tengist miklu fremur hinni ljóðrænu hlið conceptlistarinnar. Hlutir og atburðir í verkum mínum eru í raun ómögulegir, en á sama tíma svo eðlilegir að þeir virðast sannir. Þetta ástand er kannski óraunhæft en þó ekki súrrealiskt."



„Innreiðin í Jerúsalem" (mynd nr. 1).